

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Alcoa Fjarðaál sf.
kt. 520303-4210

Starfsstöð: Hraun 10, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 232-2395

Leyfið gildir frá 20. nóvember 2020 til 20. nóvember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir vöruhegrymslu, þ.e.

- **Geymslu fyrir allt að 8.000 tonn af þurru raflausnarefni á afmörkuðu svæði skemmunnar**
- **Í undantekningartilfellum er heimilt að geyma kolaryk í stórsekkjum og afskurð af áli frá kerlekum**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Dröfn Svanhjónsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Alcoa Fjarðaál sf., kt. 520303-4210
Starfsstöð: Hraun 10, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 232-2395

Leyfið gildir frá 20. nóvember 2020 til 20. nóvember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir vörugeymslu, þ.e.

- Geymslu fyrir allt að 8.000 tonn af þurru raflausnarefni á afmörkuðu svæði skemunnar
- Í undantekningartilfellum er heimilt að geyma kolaryk í stórsekkjum og afskurð af áli frá kerlekum

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 25. september 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

1.1. Geymsla

Um er að ræða starfsleyfi fyrir geymslu á allt að 8.000 tonnum af þurru raflausnarefni (Na_3AlF_6) sem fellur til við framleiðslu í skautsmiðju í álveri Alcoa Fjarðaáls. Skemman er einnig notuð til geymslu varahluta. Í undantekningartilfellum er heimilt að sekkja kolaryk og geyma í stórsekkjum þegar vöntun er á kolarykstanki. Einnig í undantekningartilfellum er heimilt að geyma afskurð af áli frá kerlekum ef gámar til brottflutnings eru ekki til staðar.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

1.2. Mengunarvarnir

Niðurföll skulu vera lokuð.

Öryggisblöð efna skulu vera til staðar í aðstöðunni.

1.3. Mengunaróhöpp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

1.4. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

1.5. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

1.6. Rekstri hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands um það skriflega.

20. nóvember 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

22. nóvember 2020

Alcoa Fjaraál sf.
Hrauni 1
730 Reyðarfjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir geymsluskemmu að Hrauni 10 á Reyðarfirði.

Umsókn um starfsleyfi fyrir vörugeymslu að Hrauni 10 á Reyðarfirði barst þann 25.9.2020. Uum er að ræða geymslu fyrir allt að 8.000 tonnum af þurru raflausnarefni sem fellur til við framleiðslu í skautsmiðju í álveri Alcoa Fjarðaáls, sem og öðru í tímabundna geymslu. Umsækjandi er Alcoa Fjarðaál sf., kt. 520303-4210.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 21. október sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 18. október 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi